

## 13. fundur Fötlunarráðs

Miðvikudaginn 24. mars 2021, kl. 14:00 – 16:00

Fundargerð ritaði Hermína Hreiðarsdóttir.

Mættir eru: Sigríður Hauksdóttir, Jóna Rún Skarphéðinsdóttir, Arna Þórarinsdóttir, Karolína K. Gunnlaugsdóttir, Einar Víðir Einarsson og Hermína Hreiðarsdóttir.

Efni fundarins:

1. Aðgengismál í bænum – svör ráðgjafa ÖBÍ.

*Til sjóður sem heitir Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaganna og hægt er að sækja í fyrir breytingum á húsnæði sveitarfélagsins, varðandi aðgengi.*

*Huga þarf að aðgengi í eignum sveitarfélagsins: Leik- og grunnskólar, íbúðir sem sveitarfélagið á, sundlaugar, íþróttamannvirki, þjálfunarheimili, hæfingu, frístund, íbúða- og herbergjakjarnar, þjónustustofnanir og félagsmiðstöðvar.*

*Fötlunarráð mun afla sér upplýsingar um hvert stofnanir og fyrirtæki geta leitað sem vilja láta gera úttekt á því sem betur má fara í aðgengismálum sem og þá sjóði sem fyrirtæki geta leitað til varðandi fjármagn til að bæta aðgengi.*

2. Hugsanlegt hópastarf fyrir börn af ýmsu tagi.

*Spurning um hvort hægt sé að sameina ýmsa hópa í félagsstarfi. Ákveðið að bjóða Kristni Lúdvíkssyni, forstöðumaður Túns á næsta fund ráðsins.*

3. Svar frá Gæða- og eftirlitsstofnun.

*GÆF tók vel í fyrirspurn okkar og sagði í tölvupósti 9. febrúar 2021 að daglegur yfirmaður réttindagæslumanna myndi hafa samband fljótlega. Sendur var annar tölvupóstur til þeirra 22. mars 2021 þar sem viðkomandi hefur ekki enn haft samband.*

4. Teikningar fyrir nýjan íbúðakjarna – yfirfara fyrir byggingafulltrúa.

- a) Aðalinngangshurð opnast samkv. teikningu inn en ekki til hliðar eins og við vorum búin að ræða. S.s. rafmagnshurð sem fer til hliðar, líkt og í Nettó og Krambúðinni.
- b) Leggja þarf fyrir lagnir fyrir heitan pott á svæði þar sem kemur pallur sameignlegs svæðis (ásamt grilli og húsgögnum)
- c) Leggja fyrir rafmagni á palla (bæði sameiginlegt svæði og palla einstaklinga).
- d) Hafa lyklalæsingar á hurðum út á palla (eins þarf að hafa hlið á pöllunum þannig að íbúar geti gengið um pallinn út/inn)
- e) Hafa upphitaðar gangstéttir (snjóbræðslukerfi)
- f) Skoða glugga á sameiginlegu svæði út á palla hjá notendum.

Þetta eru kannski frekar leiðbeiningar fyrir verkefnastjóra hjá Norðurþingi heldur en til byggingarfulltrúa.

5. Verðhækkun í Miðjunni – kanna hvað er greitt annars staðar?

*Ráðið mun kanna verð annars staðar og sækjast eftir að fá gjaldskrá fyrir Miðjuna.*